

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Minningarsjóður hjónanna Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af eftirlátnum eignum Finns Ólafssonar, d. 2. október 1957, heildsala í Reykjavík til minningar um látna foreldra hans, Ólaf og Guðrúnu. Meðal eigna dánarbús Finns voru jarðirnar Fellsendi og Svarfhóll í Miðdölum, Dalabyggð, hlutafé og lausafé. Jörðin Fellsendi skal ævinlega vera eign sjóðsins.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að eiga og reka jörð og fasteignir og ávaxta fjármuni hans. Peningaeign sjóðsins skal almennt geymast og ávaxtast í innlánnum, en heimilt er þó að helmingur peningaeignar sé í eignastýringu með varfærinni fjárfestingarstefnu. Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum sem hann kann að eignast síðar.

4. gr.

Hlutverk sjóðsins er að eiga og reka elli- og/eða hjúkrunarheimili að Fellsenda, Dalabyggð og styðja við þróun og uppbyggingu á þjónustu við eldri borgara í Dalabyggð. Stjórn sjóðsins er yfir-stjórn hjúkrunarheimilisins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum, sýslumanninum á Vesturlandi, sem er formaður stjórnar, yfirlækni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í Búðardal, sóknarpresti í Dalaprestakalli, oddvita sveitarstjórnar Dalabyggðar og einum fulltrúa sem aðrir skipaðir stjórnarmenn velja til stjórnarsetu til tveggja ára í senn. Stjórnin getur ákvarðað stjórnarmönnum laun. Formaður boðar til stjórnar-funda.

Stjórnin velur úr sínum hópi gjaldkera og ritara. Jafnframt skal einum stjórnarmanni falið fyrir hönd stjórnarinnar að fylgjast reglubundið með rekstri og stjórnun hjúkrunarheimilisins að Fellsenda. Sá stjórnarmaður, ásamt tveimur einstaklingum öðrum völdum af stjórn minningarsjóðsins, mynda framkvæmdastjórn Hjúkrunarheimilisins Fellsenda ásamt framkvæmdastjóra. Fulltrúi stjórnar minningarsjóðsins er formaður framkvæmdastjórnar.

Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Hún skal sjá til þess að skipulag hans, starfsemi og innra eftirlit sé jafnan í góðu horfi. Einfaldur meirihluti stjórnarmanna gildir á stjórnarfundum. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórnin getur veitt prókúruumboð fyrir sjóðinn. Umboð sem geta falið í sér fjárhagslegar skuldbindingar skulu vera sérgreind og afmörkuð.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á á stjórnarfundum.

6. gr.

Stjórn minningarsjóðsins ræður framkvæmdastjóra Hjúkrunarheimilisins Fellsenda. Hann ber ábyrgð á daglegum rekstri heimilisins, starfsmannamálum, öryggi heimilismanna og faglegum áherslum og gildum. Hlutverk framkvæmdastjórnar hjúkrunarheimilisins, sbr. 2. mgr. 5. gr., er í umboði stjórnar að móta og þróa heimilið í samræmi við markmið þess og bera ábyrgð á fjárhag, innra eftirliti og eignum. Allar meiri háttar ákvarðanir skal þó leggja fyrir stjórn minningarsjóðsins og hún ákveður meginþætti í stefnu og starfsháttum heimilisins og setur framkvæmdastjórn og

framkvæmdastjóra starfsreglur meðal annars á grundvelli þeirra reglna sem um hjúkrunarheimili gilda.

Framkvæmdastjóra er eingöngu heimilt að skuldbinda hjúkrunarheimilið vegna daglegs rekstrar og faglegrar ábyrgðar.

Fundi framkvæmdastjórnar skal halda svo oft sem nauðsyn krefur en þó ekki sjaldnar en mánaðarlega. Formaður undirbýr stjórnarfundum ásamt framkvæmdastjóra. Fundirnir skulu boðaðir með hæfilegum fyrirvara og með tryggilegum hætti.

7. gr.

Reikningsár minningarsjóðsins er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á bókhaldi hans og reikningsskilum. Um reikningshald fer samkvæmt bókhaldslögum, nr. 145/1994, og lögum um ársreikninga, nr. 3/2006. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðandi skal ljúka endurskoðun ársreiknings og leggja fyrir stjórn fyrir lok júnímánaðar. Endurskoðaðan ársreikningur ber að senda til Ríkisendurskoðunar þegar hann hefur hlotið samþykki og áritun stjórnarinnar. Ársreikningurinn skal fela í sér upplýsingar um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á árinu.

8. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 4. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

9. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari samkvæmt 1. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, með síðari breytingum og reglugerð nr. 1125/2006, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1152/2014. Jafnframt eru úr gildi felldar skipulagsskrár sjóðsins frá nr. 97/1960, staðfest af forseta Íslands, og nr. 222/1989, staðfest af dómsmálaráðherra.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 27. október 2016,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.